

## FRAMKVÆMDARÁÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA

2021/EES/80/05

## ÁKVÖRDUN NR. H9

frá 17. júní 2020

varðandi framlengingu fresta sem um getur í 67. og 70. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 og í ákvörðun nr. S9 vegna COVID-19 heimsfaraldursins

(Texti sem varðar EES og samning EB og Sviss)

2020/C 259/03 (\*)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa <sup>(1)</sup> en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um öll álitæfni er lúta að framkvæmd eða túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af 35. gr. og 8. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 67. og 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009,

með hliðsjón af dómaframkvæmd Evrópudómstólsins sem heimilar beitingu reglna um óviðráðanleg atvik hafi lagalegar skuldbindingar ekki verið uppfylltar vegna óviðráðanlegra, óvenjulegra og ófyrirsjáanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að komast hjá þrátt fyrir ýrustu kostgæfni (sjá nánar dóm Evrópudómstólsins frá 13. júlí 1995, C-391/93, *Perrotta*, ESB:C:1995:240),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkin hafa fundið fyrir afleiðingum hættuástandsins vegna uppkomu COVID-19 á einstakan hátt. Hættuástandið setur verulegar hömlur á eðlilega verkferla viðeigandi stofnana í aðildarríkjunum og skapar óvenjulegar aðstæður þar sem venjuleg málsmeðferð við endurgreiðslu er ekki möguleg.
- 2) Þegar endurgreiðslureglunum í 67. og 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 er beitt verður að taka tillit til þess hversu sérstakt ástandið er.
- 3) Í ljósi þeirrar staðreyndar að uppkoma COVID-19 hefur haft mismunandi áhrif á aðildarríkin og þar til bærar stofnanir þeirra fram til þessa og þróun faraldursins er enn ekki fyrirsjáanleg, er nauðsynlegt að fylgjast náið með stöðunni. Breyta ætti þessari ákvörðun til samræmis við það þegar og ef nauðsyn krefur og gera má viðbótarsamninga milli aðildarríkja.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Framlengja skal um sex mánuði alla fresti til að leggja fram og gera upp kröfur, sem um getur í 67. og 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 og ákvörðun nr. S9, sem lýkur á tímabilinu 1. febrúar 2020 til 31. desember 2020, að báðum dögum meðtöldum.
2. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda frá og með 18. júní 2020.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Blaženka KAMENJAŠEVIĆ

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB C 259, 7.8.2020, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2021 frá 11. Júní 2021 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.